

Wapex PUR Clearcoat

Matt vatnsþynnanlegt pólýúretanlakk

Efnislýsing

Wapex PUR Clearcoat er glært og matt, niðsterkt tveggja þátta vatnsþynnanlegt pólýúretanlakk, ætlað til málunar á steypa vegg- og gólfleti innanhúss. Lakkið hentar einnig sem parketlakk og myndar þar að auki margfalda aukavörn á málaða vegg. Wapex Pur Clearcoat er jafnframt góð vörn á vissar tegundir af sementsgólfleti sem hannað er með lökkun í huga. Sumt gólflet er ekki ætlað til yfirlökkunar. Wapex Pur Clearcoat er einstakt að því leyti að það breytir ekki lit (dekkir ekki) eða áferð steypu.

Wapex PUR Clearcoat hefur langan notkunartíma og er auðvelt í notkun, þornar hratt, þolir bleytu og kemísk efni vel, er höggþolið og afar slitsterkt. Lakkið er létt í þrifum og lyktarlítið og hentar því sérlega vel í rýmum þar sem leysiefnalakk er ekki leyft. Hentar ekki á bílskúrgólf.

Meðhöndlun

Undirbúningur fyrir málun

Nýsteyppt gólf verða að hafa staðið og harðnað í a.m.k. 28 daga, nema birginn gefi önnur fyrirmæli. Tryggið að undirlagið sé nægilega þurr (<5% rakastig), fast í sér og ekki duftsmitandi.

1. Fjarlægjið ryk, olíu, fitu og önnur óhreinindi. Áður málað, slétt og/eða þétt yfirborð skal slípa matt til að tryggja viðloðun. Ef um gólflet er að ræða þarf að opna það með slípun. Fjarlægjið allt slípiryk með ryksugu.
2. Hrærið vel upp í stofndósinni svo möttunarefni samlagist. **Blandið síðan efnunum úr dósunum tveimur (stofni og herði) vandlega saman og hrærið í á meðan.** Notið til þess hæggenga borvél með þeytara, á u.þ.b. 200 rpm.
3. Grunnið með Wapex PUR Clearcoat blöndunni þynntri með vatni (sjá tæknilegar upplýsingar og hrærið í blöndunni á meðan vatn er sett út í). Fyrsta umferðin verður að smjúga vel inn í undirlagið.
4. Látið þorna og gerið svo nýja þynnta blöndu af Wapex PUR Clearcoat (sbr. tækniupplýsingar) og málið 2-3 umferðir með henni.

ATH. Þar sem vatns- og gönguálag er mjög mikið, t.d. í verslunum, er ráðlagt að nota Crafcó QF Pur glæru sem millilag til að byggja upp aukþykkt og styrkingu.

Heilsufars- og umhverfismál

Við þússon eða þegar málning er fjarlægð með hita geta myndast agnir eða gufur sem eru skaðlegar heilsunni. Ávallt skal vinna í vel loftræstu rými. Notið hlífðarbúnað (öndunargrímur) ef loftræsting er ónóg. Sjá einnig upplýsingar á öryggisblaði. Lokið dósinni vandlega. Þrífið verkfæri strax eftir notkun. Hellið ekki málningar- og hreinsiefnaleifum í niðurföll. Skilið efnaleifum og tómum umbúðum til endurvinnslustöðva.



Tæknilegar upplýsingar

Til notkunar: Innanhúss

Tegund: Pólýúretan

Gljástig: Matt, 15 GU við 60°

Yfirborðshiti við málun: Milli 10 og 30°C, minnst 3% yfir daggarmarki

Rakastig: Mest 80%

Þurrefni: Í blöndu: Um 31% af rúmmáli

Þéttleiki: Í blöndu: 1,04 kg/dm³

Ráðlögð þykkt: Þurr: Um 30 míkrón á umferð (með pensli)

Þurrktími við 20°C/65% raka: Rykþurr eftir 1 klst. Endurmálun eftir 6 klst. Endanlegri herslu er náð eftir um 7-10 daga

Þynning: Vatn: 10-20% í fyrstu umferð á ómálaðan flöt, 2-5% í seinni umferð(um)

Verkfæri: Penslar, rúllur. Hreinsið með vatni strax að lokinni notkun

Blöndunarhlutfall: Þáttur A (stofn) er 19 hlutar af rúmmáli á móti 1 hluta af þætti B (herði)

Þekja: 30 míkróna þurr umferð: um 12 m²/l.

(Málningarmagn/þekja fer töluvert eftir undirlagi og málningaraðferð)

Notkunartími blöndu: Um 2 klst. við 20°C eftir samblöndun stofns og herðis (þættir A og B).

Efnið þykkar ekkert eftir þann tíma en missir vinnslueiginleika sína og hættir að mynda nothæfa filmu

Litur: Glært

Umbúðir: 2,5 lítra dósir (stofn og herði)

Geymsla: Í þurru, frostfríu rými við 5-30°C

Rokgjörn lífræn efni (VOC): EB hámark fyrir þessa vöru er (fl. A/j) 140 g/l (2010). Inniheldur mest 75 g/l

Varan er í samræmi við **BREEAM HEA 9**